

## Endurmenntunarráðstefna skrifstofu menntasviðs 2025 - Heildstæð nálgun í skólastarfi



Endurmenntunarráðstefna skrifstofu menntasviðs Reykjanesbæjar fór fram í Hljómahöll þann 13. ágúst 2025. Ráðstefnan er árlegur viðburður þar sem starfsfólk grunnskóla sveitarfélagsins kemur saman til að efla faglegt starf, dýpka þekkingu og styrkja tengsl í skólasamfélaginu. Dagskráin í ár bar yfirskriftina Heildstæð nálgun í skólastarfi og var helguð farsæld barna, nýjungum í námsmati, viðhorfi og nálgun við hegðunarvanda og hlutverki gervigreindar í skólastarfi.

Ráðstefnan er liður í því að styðja við framkvæmd menntastefnu Reykjanesbæjar – Með opnum hug og gleði í hjarta og skapa vettvang fyrir samtal og samræmingu í skólastarfi sveitarfélagsins.

Erindi ráðstefnunnar voru:

### Farsæld barna í víðu samhengi

Ráðstefnan hófst á erindi Hjördísar Evu Þórðardóttur, verkefnastjóra farsældar barna hjá sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem fjallaði um hvernig farsæld barna birtist í daglegu lífi og hvernig þverfaglegt samstarf getur stutt við velferð þeirra. Hún kynnti niðurstöður úr æskulýðsrannsóknnum sem varpa ljósi á líðan, tengsl og þátttöku barna í samfélaginu og benti á mikilvægi þess að öll kerfi vinni saman að farsæld barna.

### Matsferill sem verkfæri í einstaklingsmiðaðri kennslu

Í kjölfarið kynnti Freyja Birgisdóttir Matsferil, nýtt stafrænt matskerfi sem styður við heildstæða sýn á námsframvindu nemenda. Matsferill auðveldar kennurum og stjórnendum að greina stöðu nemenda og skipuleggja kennslu og stuðning í samræmi við þarfir hvers og eins. Kerfið er lykilverkfæri í námsmati og styður við gagnadrifna ákvarðanatöku í skólastarfi.

### Áfallamiðuð nálgun í vinnu með börnum með hegðunarvanda


Atli F. Magnússon, klíniskur atferlisfræðingur í Arnarskóla, fjallaði um hvernig áfallasaga barna getur haft áhrif á hegðun þeirra og hvernig starfsfólk skóla getur brugðist við með skilningi og stuðningi. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að skapa öruggt og traust umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að læra félagsfærni og tjá sig á uppbyggilegan hátt.

## Gervigreind í skólastarfi – þrjú sjónarhorn

Síðasti hluti ráðstefnunnar snerist um gervigreind og möguleika hennar í skólastarfi. Þrír fyrirlesarar deildu ólíkum sjónarhornum:


- Tryggvi Brian Thayer, aðjúntkt við Háskóla Íslands, fjallaði um gervigreindarlæsi og hvernig kennarar og nemendur geta nýtt tæknina á gagnrýnninn og ábyrgan hátt.
- Brynja Stefánsdóttir, kennari í Stapaskóla, sýndi hvernig kennarar geta nýtt sér verkfæri eins og ChatGPT, Diffit og MagicSchool til að spara tíma, aðlaga kennsluefni og auka skilvirkni í daglegu starfi.
- Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri Akurskóla, kynnti hvernig stjórnendur geta nýtt gervigreindartól eins og Copilot og NotebookLM og spjallmenni til að einfalda stjórnun, greina gögn og styðja við starfsfólk.

Ráðstefnan hófst með kaffispjalli og endaði með lokaorðum frá Helga Arnarsyni, sviðsstjóra menntasviðs. Þátttakendur fengu einnig tækifæri til að skoða nýja bókasafnið í Hljómahöll og ræða hugmyndir og lausnir í skólastarfi við samstarfsfólk.



## Heildstæð nálgun í skólastarfi


Endurmenntunarráðstefna skrifstofu menntasviðs  
13. ágúst 2025 kl. 08:30 – 12:00 í Hljómahöll



Dagskrá:

- 08:30 Húsið opnar - kaffispjall
- 08:55 Setning ráðstefnunnar – Sverrir Bergmann Magnússon formaður menntaráðs
- 09:00 Farsæld barna úr 30.000 fetum – Horft til framtíðar
- 09:30 Matsferill í hringrás mats og kennslu
- 10:10 Kaffihlé
- 10:40 Áfallamiðuð nálgun - Hvað skal hafa í huga í vinnu með börnum með hegðunarvanda
- 11:20 Gervigreind, skólar og framtíð menntunar
- 11:40 Gervigreind og kennarinn
- 11:50 Gervigreind og skólastjórinn
- 12:00 Ráðstefnulok

Reykjanesbær.is



Dagskrá endurmenntunarráðstefnu skrifstofu menntasviðs



Um 350 starfsmenn grunnskólanna sóttu ráðstefnuna

**Haraldur Axel Einarsson**  
Grunnskólafulltrúi  
Skrifstofa menntasviðs